

**Ed.**

**840. Frumvarp til laga**

**[259. mál]**

um Útflutningsráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Nú óskar einstaklingur, fyrirtæki eða samtök eftir aðild og skal þá sækja um hana til stjórnar ráðsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftari eftir ákvörðun viðskiptaráðherra eða stjórnar ráðsins. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar til þessara funda og stýrir þeim.

4. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna einn mann hver, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefnir varamann fyrir þann fulltrúa, sem viðskiptaráðherra tilnefnir, og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Viðskiptaráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

5. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn og ákveður laun og önnur starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður árgjöld, sbr. 6. gr., og gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru skv. beiðni einstakra útflytjenda.

6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- a. Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983.
- b. Tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984.
- c. Árgjöld.
- d. Framlag ríkissjóðs.
- e. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
- f. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafultrúa, sem starfa í sendiráðum, að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör skulu settar sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Viðskiptaráðherra getur, skv. tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.